

Veitu- og hafnaráð Dalvíkurbyggðar - 87 (11.9.2019) - Viðauki vegna leiðréttingar launa starfsmanna veitna

Málsnúmer : 201909049

Málsaðili : Veitu- og hafnasvið

Niðurstaða (stutt) :

Fundardagur : 11.09.2019

Inngangur : Ákveðið misræmi hefur verið á launakostnaði vegna bakvakta og yfirvinnu, þó svo að við undirbúning launaáætlana hafa þessi mál verið skoðuð sérstaklega. Nú er svo komið að nauðsynlegt þótti að óska eftir viðauka vegna þessa misræmis. Yfirvinna hefur aukist vegna meiri aðkomu starfsmanna veitna að þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Þetta aukna vinnuframlag starfsmanna skilar sér einnig í minni aðkeyptri þjónustu verktaka. Um er að ræða breytingu um kr. 1.900.000,-.

Niðurstaða : Veitu- og hafnaráð samþykkir samhljóða með fimm atkvæðum framlagðan viðauka.